

Heiti áfanga: SPÆN2DD05

Áfangalýsing

Unnið er með lesskilning, tal, hlustun og ritun. Við vinnum með 4-5 tiltekin lönd og lærum um mikilsvert fólk þaðan eins og listamenn og stjórn mála fólk. Við kynnum okkur menningu og merkilega staði, hlustum á tónlist og horfum á ýmiss konar myndefni. Við lærum flóknari orðaforða og þjálfum okkur í nauðsynlegum málfræðiatríðum til að geta tjáð okkur sem best og æfum okkur í munnlegri færni.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á

...meiri og flóknari orðaforða
...meginatriðum spænskrar málfræði
...menningu þemalandanna í sínum víðasta skilningi

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að

...skilja talað mál, þar sem talað er um ýmis málefni.

...taka þátt í samræðum um ýmis málefni líðandi stundar og tjá skoðun sína, aflað sér munnlegra upplýsinga og svara spurningum um hversdagsleg málefni.

...skilja texta af ýmsum gerðum. Einnig að geta lesið sér til gagns blaðagreinar og ýmsar upplýsingar eða leiðbeiningar.

...skrifa lengri og flóknari texta en áður.

...nýta sér málfræðikunnáttu, bæði til að skrifa og tala, vinna sjálfstætt og með öðrum.

Námsmat

Áfanginn er oft símatsáfangi þar sem nemendur vinna verkefni jafn og þétt yfir önnina. Í sumum tilfellum er þó prófað úr einhverjum hluta námsefnis á lokaprófdögum.

Nemendur gera ýmiss konar verkefni, skrifleg próf, munnleg verkefni, myndbönd, hlustunarverkefni og skrifleg verkefni, jafn stutt sem lengri.